

## Starfsreglur foreldraráðs leikskólans

1. Kjósa skal foreldraráð við leikskóla og skal leikskólastjóri hafa frumkvæði að kosningu í ráðið. Í foreldraráði sitja að lágmarki þrjú foreldrar. Skal kosning til foreldraráðs fara fram í september á ári hverju og skal kosið til eins árs í senn (sbr. 11 grein laga um starfsemi leikskóla).
2. Leitast skal við að í ráðinu séu foreldrar barna á mismunandi aldurstigum, þannig að minnsta kosti einn fulltrúi haldi áfram næsta ár á eftir til að tryggja samfellu í starfi ráðsins.
3. Foreldraráð kemur saman til fundar eftir þörfum yfir skólaárið. Formaður undirbýr fund og boðar til þeirra með dagskrá.
4. Í upphafi hvers skólaárs óskar leikskólastjóri eftir nýjum framboðum. Skal það gert á foreldrafundi.
5. Foreldraráð starfar með leikskólastjóra og skal vera tengiliður við aðra foreldra. Foreldraráð skal beita sér fyrir lýðræðislegum vinnubrögðum í samskiptum við foreldra, leikskólastjóra og bæjaryfirvöld.
6. Á fundi foreldraráðs við lok starfstímabilsins gerir formaður þess nýjum foreldraráðs meðlimum grein fyrir starfi ráðsins.
7. Helstu verkefni sbr. 11 grein laga um starfsemi leikskóla
  - Ráðið skal vera umsagnaraðili um skólanámskrá, skóladagatal og áætlun vetrarins með leikskólastjóra.
  - Bera skal skóladagatal saman við skóladagatöl grunnskólanna m.t.t skörunar við starfsdaga og aðra frídaga.
  - Ráðið skal einnig fjalla um ábendingar frá foreldrum, sumarlokun leikskólans og aðrar stórar ákvarðanir sem hafa áhrif á starf skólans.
8. Leikskólastjóri skal upplýsa foreldraráð um öll meiriháttar mál sem hafa áhrif á starfsemi leikskólans og gefa þeim þannig kost á að fjalla um þau.

9. Fulltrúar í foreldraráði skulu gæta þagmælsku um atriði sem þeim er trúað fyrir út af setu þeirra í foreldraráði og varða fjölskylduaðstæður einstakra barna, hegðun þeirra og heilsufar eða önnur viðkvæm atriði sem eðilegt er að fari leynt.
10. Starfsreglur þessar skulu endurskoðaðar í lok hvers skólaárs. Til stuðnings sem og nánari útfærslu starfsreglna þessara er vísað í 11. grein laga um leikskóla.